

19

13. apríl

16. gr.

Reglugjörð um grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu frá 12. júlí 1894 er úr gildi feld.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að oðlast gildi 1. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. apríl 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

20

13. apríl

Reglugjörð

um

eyðing refa í Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd annast um eyðing refa samkvæmt reglugjörð þessari. Hreppur er refaeyðingarsvæði.

2. gr.

Refum skal einkum eytt með grenjavinslu og skotum. Eyða má og refum með eitri er hreppsnefnd þykir líklegt að þeir gangi í útburð, enda annist hún um eitrunina.

3. gr.

Aður en 6 vikur eru af sumri skal hver búandi hafa leitað grenja í landi ábúðarjarðar sinnar. Leitir þessar kostar hann sjálfur.

Almenninga og eyðilönd lætur hreppsnefnd leita á kostnað sveitasjóðs. Hreppsnefnd lítur eftir að genjaleitir fari fram.

Nú finst gren eftir grenjaleitir og má þá hreppsnefnd greiða finnanda fundarlaun alt að 5 kr. fyrir gren.

4. gr.

Hreppsnefnd ræður skotmann til grenjavinslu í hreppnum, ef þess er kostur, og birtir hreppsbum í tæka tíð, hver hann er. Eigi meða aðrir en skotmaður vinna að grenjavinslu án samþykkis hreppsnefndar.

5. gr.

20

Nú finst gren og tilkynnir finnandi það tafarlaust búanda þeim, er býr á landi þar sem gren finst eða næst því og tilkynnir hann það tafarlaust skotmanni eða hreppsnefnd. 13. apríl.

6. gr.

Ekki má hafa hund á greni nje í grenjaleitir og varast skal alt sem stytgt getur refina.

7. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí til 1. des. skal gjalda 10 kr. fyrir hvern hlauparef, sem skotin er.

Sanna skal skotmaður tölu skotinna hlauparefa fyrir hreppsnefnd með vottorði hreppstjóra eða vottorði tveggja áreiðanlegra manna.

Fyrir grenrefi fær skotmaður 15 kr. fyrir hinn fyrri og 25 kr. fyrir hinn seinni og 10 kr. fyrir hvern sólarhing er hann liggur á greni, þó ekki lengur en 2 sólarhringa. Hafa má skotmaður vökumann með sjer og fær hann sömu daglaun.

8. gr.

Afhenda skal grenjaskytta búanda þeim, er næstur býr greni, skottin af grenrefum þeim, er hún hefir unnið en hann afhendir þau hreppsnefnd, nema skyttan kjósi heldur að afhenda þau hreppsnefnd sjálfur. Nú eru ekki skottin afhent og missir skyttan þá rétt sinn til borgunar fyrir refina. Skottin skal ónýta.

Enginn má ala refi án leyfis sýslunefndar lengur en einn mánuð. Sá er refi vill ala um lengri tíma skal senda sýslunefnd beiðni um það ásamt vottorði hreppsnefndar um að hann hafi öruggan geymslustað fyrir yrðlingana. Leyfið veitist eigi lengur en til 5 ára í senn, það má endurnýja.

10. gr.

Nú missir maður yrðling úr eldi og skal hann þá sekur um ekki minna en 50 kr. fyrir hvern yrðling, er sleppur; tekur uppljóstrarmaður helming sektar en helmingur rennur í sveitarsjóð þar sem yrðlingur slapp. Sömu sekt varðar ef eldistefir eru ekki unnir fyrir 20. febrúar.

11. gr.

Verðlaun má veita úr sýslusjóði fyrir framúrskarandi dugnað í eyðing refa. Ákvæði þetta nær þó eigi til dráps refa, sem teknir hafa verið í eldi.

12. gr.

Allur kostnaður við eyðing refa, sem ekki er skyldukvöð, greiðist úr sveitarsjóði.

13. gr.

Hreppsnefnd semur skýrslu um eyðing refa og refaeldi og kostnað til þess úr sveitarsjóði, eftir fyrirmynd er stjórnarráðið semur. Skýrsluna sendir hún sýslumanni fyrir lok hvers árs og má halda henni til þess með alt að 2 kr. dagsekt.

20

13. apríl

14. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 500 kr. Sektir renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið en dagsektir þó í sýslusjóð.

15. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóv. 1919 staðfestist hjér með til að öðlast gildi 1. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. apríl 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

21

13. apríl

Reglugjörð

um

eyðing refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefndir annast eyðing refa.

2. gr.

Refum skal eyða með skotum og eltrun.

3. gr.

Áður en þrjár vikur eru af sumri skulu hreppsnefndir hafa skipað fyrir um grenjaleitir, er fari fram áður en 7 vikur eru af sumri. Búandi hver skal kosta grenjaleitir í heimalandi sínu og upprekstrarlandi, en leitir eyðilanda kostar sveitarsjóður. Vanræki einhver grenjaleit, lætur hreppsnefnd leita á hans kostnað.

4. gr.

Aukagrenjaleitir fyrirskipa hreppsnefndir þegar þörf gerist og kveða á um hvar og hvenær þær skuli fara fram. Um kostnað við leitir þessar fer eftir því, sem segir í 3. gr.